

enda hefðu þegar verið nægilega rúmir frestir til þess að afla allra gagna. Var ágreiningsmál þetta tekið til úrskurðar.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið greint, hafa aðalstefnendur haft fresti frá 16. júní s.l. til þess að afla staðfestingar á vottorði því, sem ræðir um. Þess er þó að gæta, að í júlí og ágústmánuði er þingleyfi, en þrátt fyrir það verður að telja, að aðalstefnendur hafi þegar haft nægilegan frest í þessu skyni. Er því ekki heimild fyrir hendi til þess að fresta málinu frekar af þessum sökum samkvæmt 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1952.

Nr. 126/1951. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Herbert Spencer (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ákæra um botnvörpuveiðabrot. Ólöglegur umbúnaður veiðarfæra.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og samdómsmennirnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað þann, er varðskipsmenn mældu við dufl varðskipisins hinn 14. júlí 1951, og reyndist hann 0,3—0,4 sm innan landhelgislínu, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma. Samkvæmt þessu og því, sem rakið er í forsendum hins áfrýjaða dóms, er sannað, að skip ákærða hefur verið í landhelgi með ólöglegum umbúnaði veiðarfæra. Ásigkomulag veiðarfæra togarans og fisks í vörpu hans, sem lýst er í héraðsdómi, bendir og mjög til þess, að ákærði hafi verið þar að veiðum. Fyrir

því þykir þó eigi fram komin örugg sönnun, þar sem enginn varðskipsmanna virðist hafa séð togarann draga vörpuna eða innbyrða hana.

Brot ákærða varðar við 2. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951. Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 4/1924, núverandi gullgengi krónunnar, sem ekki hefur breytt eftir uppsögu héraðsdóms, og öllum atvikum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 25000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000,00 til hvors.

Dómsorð :

Ákærði, Herbert Spencer, greiði 25000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars Ásmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 16. júlí 1951.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Herbert Spencer, skipstjóra á enska togaranum „Loch Torridon“ H 165 frá Hull, til refsingar fyrir ætlað brot hans á 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum svo og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara, sbr. 3. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 4/1924, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Sú varakrafa er uppi höfð í ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir brot samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 4/1924, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 11. apríl 1912.

Hann hefur ekki, svo vitað sé, áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Síðastliðinn laugardag, þann 14. þ. m., var varðskipið „Sæbjörg“ á eftirlitsferð norður við Langanes á suðurleið. Kl. 1030 var siglt mjög nærri Langanestá suður fyrir nesið. Er komið var fyrir nestána, sást togari grunsamlega nálægt landi og sneri út um. Varðskipið stýrði þá beint á togarann í stefnu suður að vestri eftir áttavita. Ratsjá varðskipsins var þá sett í gang, og kom þá í ljós, að togarinn var innan landhelgislínu. Kl. 1042 setti togarinn á ferð og hélt því sem næst í suður. Varðskipið setti þá upp stöðvunarmerki með merkjaflaggi, og skotið var tveimur aðvörunarskotum. Kl. 1045 stöðvaði togarinn og sneri til stjórnbörða. Sást þá, að togarinn var að hífa upp trollið og menn voru við vinnu á þilfari og gufu lagði upp af togvindunum. Kl. 1054 var stöðvað hjá togaranum, sem reyndist vera togarinn Loch Torridon H 165 frá Hull, sem ákærði er skipstjóri á. Bauja var látin út rétt utan við togarann og eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Gunnólfsvíkurfjall

> 23° 00'

Kumblbrún

> 79° 26'

Langanesviti

Dýpi við baujuna mældist 59 metrar. Ratsjá varðskipsins sýndi þá stytztu fjarlægð frá landi 2.7 sm. Eftir því sem greinir í skýrslu skipherrans á varðskipinu, gefa athuganir þessar stað togarans 0.3 sm innan við landhelgislínu. Enn fremur segir í skýrslu skipherra, að rétt áður en komið var að togaranum, hafi hlerarnir verið komnir í gálkana, en hafi hangið utan borðs, og hluti af vörpunni hafi hangið á borðstokk skipsins. Þegar 2. stýrimaður og bátsmaður komu um borð í togarann, sáu þeir, að trollið hafði verið tekið inn í flýti, óleyst hafi verið frá pokanum og í honum hafi verið ca 10 körfur af lifandi fiski.

Framanrituð atvikalýsing er tekin úr skýrslu skipherrans á varðskipinu.

Ákærði, Herbert Spencer, heldur því fram, að hann hafi alls ekki verið að veiðum, þegar varðskipið kom að honum. Segist ekki hafa fiskað síðustu 45 mínúturnar, áður en hann heyrði aðvörunarskot varðskipsins. Þenna tíma kveðst hann hafa verið að búa skipið til heimferðar, og viðgerð hafi farið fram á vélinni. Hann neitar því, að fiskur hafi verið lifandi í pokanum. Segist alls ekki hafa verið að taka vörpuna inn, en aðeins verið að flytja veiðarfærin til innan borðs. Hann neitar því algerlega að hafa verið að veiðum innan landhelgislínu. Hann telur staðar-ákvörðun varðskipsins ranga og telur sig hafa verið 3.2 sm suður af Langanestá, dýpi 36 faðmar. Hins vegar viðurkennir hann, að hlerar hafi verið utan borðs.

Samkvæmt eiðfestum framburði 1. og 2. stýrimanns er skýrsla skipherra varðskipsins rétt og sannleikanum samkvæm. Hvorugur þeirra telur sig hafa séð greinilega, að varpan hafi verið „hífuð“ upp úr sjónum. Garðar Pálsson 1. stýrimaður segir vörpuna hafa verið á þeirri hlið, er frá

sneri, en samt hafi það verið greinilegt, að vörpuna var verið að inn-byrða, vegna þess að hlerarnir hafi verið utan borðs og nokkuð af vörp-unni, þegar varðskipið kom að togaranum. Garðar Haukdal Ágústsson 2. stýrimaður segir heldur engan efa á því, að verið var að taka inn vörpuna, segir togarann hafa snúið á vörpuna til þess að fá hana „klára“, hlerar hafi verið utan borðs og talsvert af vörpunni, enn fremur hafi „bobbingar“ verið utan borðs og fiskur í pokanum, þegar vitnið kom um borð. Samkvæmt eiðfestum framburði bátsmannsins, Guðna Jóhanns Andréssonar, voru hlerar hangandi í keðjunum utan borðs og kúlurnar „híðar“ upp í gálgarúllur utan borðs eða beint upp af borðstokknum. Pokinn verið ófráleystur, vængir og „bússum“ allt „hífað“ inn á dekk, þegar hann kom um borð í togarann ásamt 2. stýrimanni. Báðir bera þeir það 2. stýrimaður og bátsmaður, að fiskur hafi spriklað í pokanum, þegar þeir komu um borð.

Báðir 1. og 2. stýrimaður segjast hafa fylgt nákvæmlega með öllum mælingum og athugunum, sem staðarákvörðun skipherra er byggð á, og telja staðarákvörðunina örugglega rétta.

Samkvæmt vottorði 1. vélstjóra á togaranum, Eirík William Mudd, virðist togarinn hafa verið stopp vegna vélaviðgerðar eftir enskum tíma frá kl. 1000 til 1045, en það svarar til kl. 0900 til 0945 eftir íslenskum tíma, og virðist þetta ekki koma heim við frásögn ákærða um vélaviðgerðina, sem hann telur hafa farið fram, 45 mínútum áður en aðvörunarskotin heyrðust kl. 1045 eftir íslenskum tíma, þ. e. kl. 1145 eftir brezkum tíma. Þá má geta þess, að ákærði telur sig hafa verið 3.2 sm suður af Langanestá, og virðist réttinum sá staður vera heldur innan við landhelgislínu.

Með skírskotun til skýrslu skipherrans á varðskipinu „Sæbjörgu“ og eiðfests framburðar 1. stýrimanns, 2. stýrimanns og bátsmanns á varðskipinu er að álit dómssins ekki varhugavert að telja framkomnar fullar sönnur fyrir því, að ákærði, Herbert Spencer, hafi á skipi sínu, „Loch Torridon“ H 165, verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi.

Með þessum fiskveiðum í landhelgi hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 4/1924.

Þar eð skip ákærða, togarinn „Loch Torridon“ H 165, er samkvæmt mælibréfi 413.08 rúmlestir brúttó, er sú refsing, er ákærði hefur tilunnið, með hliðsjón af gullgildi íslensku krónunnar í dag, 100 seðlakrónur jafngilda 13.533 gullkrónum, hæfilega ákveðin 75000 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri að meðtöldum dragstrengjum svo og allur aflí innanborðs í togaranum „Loch Torridon“ H 165 vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgisssjóð Íslands.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan sakar-kostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Herbert Spencer, greiði 75000 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri að meðtöldum dragstrengjum og allur afli innanborðs í togaranum „Loch Torridon“ H 165 séu upptæk og andvirðið renni í Landhelgisjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1952.

Nr. 127/1951. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

Henry Pyson (Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ákæra um botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur framkvæmt athugun á mælingum þeim, sem stjórnendur varðskipsins gerðu við dufl það, er sett var út við togara ákærða kl. 0307 hinn 23. júní 1951. Er niðurstaðan af athugun þessari sú, að tökustaður togarans verður ekki ákveðinn með öruggri vissu.

Samkvæmt þessu og þar sem ekki er fram komin nægilega örugg vissa um siglingu togara ákærða á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þykir óvarlegt að telja sannað, að ákærði hafi verið að togveiðum í landhelgi, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma, og ber því að sýkna hann af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflytningu-laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.